



Innritunarreglur Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Skagafjarðar

1. gr.

Innritun fer fram frá 15. apríl til 15. júní ár hvert. Nemendur sem hafa stundað nám við skólann hafa forgang ef takmarka þarf fjölda nemenda á einstök hljóðfæri. Nemendur þurfa ekki að innrita sig að nýju við annaskil í janúar en nemendur þurfa að tilkynna fyrir áramót ef þeir ætla að hætta námi sé það ekki gert er litið svo á að nemandi haldi áfram námi út skólaárið. Ef pláss losna fyrir nýja nemendur um áramót þá eru þau auglýst fyrir 15. janúar.

2. gr.

Nemendur í 1. – 4. bekk geta valið um að taka hálf tón nám sem er einkatími (30 mínútur) eða heilt nám (60 mínútur). Nemendum í 5. – 10. bekk er einungis boðið upp á að velja heilt nám.

3. gr.

Innritun fer fram í gegnum [Nóra](#) kerfið á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Inn á Nóra er hægt að velja um hvort námsgjöld séu greidd einu sinni á önn eða þeim skipt upp í fleiri greiðslur. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga og dráttarvextir reiknast frá gjalddaga.

4. gr.

Við innritun skuldbinda nemendur sig til að greiða eina önn í senn að lágmarki og eru skólagjöld óendurkræf. Undantekningu má gera í sérstökum tilfellum s. s. vegna veikinda.

5. gr.

Grunnskólabörn hafa forgang til náms, innritunardagur ræður forgangs röðun inn í skólann. Leyfilegt er að innrita leikskólabörn og nemendur 18 ára og eldri ef það eru laus pláss í skólanum.

6. gr.

Reglur um systkinaafslátt: Annað barn frá sama heimili fær 25% afslátt, þriðja barn fær 50% afslátt og 4. barn fær 100% afslátt.

7. gr.

Ef fleiri en einn nemandi eru saman í hljóðfæranámi er 25% lægra gjald.

8. gr.

Nemandi á eitt hljóðfæri hefur forgang að námi umfram nemanda sem óskar eftir að læra á hljóðfæri nr. tvö.

9. gr.

Samningur skal gerður við nemendur og forráðamenn um hljóðfæraleigu þar sem m.a. eru skilmálar um meðferð hljóðfæra.

10. gr.

Reglur þessar öðlast gildi frá og með 1. júní 2019.

Samþykkt í byggðarráði þann 15. maí 2019 og sveitarstjórn þann 29. maí 2019.



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349 • Vasknr: 60077